

ÆFINGIN skapar MEISTARANN

Þjálfunarefni í lesfimi fyrir mið- og unglíngastig

Inngangur

Upplýsingarnar sem hér fara á eftir eiga erindi bæði við kennara og foreldra en það fellur í hlut kennara að miðla þeim til foreldra áður en þjálfun hefst. Mjög mikilvægt er að foreldrar viti til hvers er ætlast af þeim á meðan á áttakinu stendur. Kennari metur hvað hann veitir þeim ítarlegar upplýsingar um stöðu nemandans og hvaða þætti lesfímínnar verið er að þjálf.

Um Æfingin skapar meistarann

Æfingin skapar meistarann er fimm flokka þjálfunarefni ætlað til að hjálpa nemendum á mið- og unglíngastigi að þjálf og bæta lesfimi sína. Lesefnið var valið með það að markmiði að gera áhuga-verð, skemmtileg og gagnleg spjöld sem gætu hentað sem flestum nemendum á þessum aldri. Ólík áhugsvið, menning, bakgrunnur og kyn nemenda geta haft áhrif á það efni sem þeir kjósa að lesa og því er fjölbreytni í efnisvali mikilvæg. Flokkarnir eru af mismunandi þyngdarstigum og lengd og geta nemendur í samráði við kennara valið flokka eftir lestrargetu og áhugasviði. Þjálfað er fimm daga vikunnar, fjórar vikur í senn og fer þjálfunin fram undir eftirliti foreldra/forráðamanna en með eftirfylgni og undir umsjón kennara.

Þjálfunarefnið byggist á endurteknum lestri á sama texta sem er samkvæmt fjölmörgum rannsóknum einhver gagnlegasta aðferðin til að þjálf lesfimi. Endurtekningin hjálpar nemandanum að festa orðmyndir í langtímaminninu og auka þannig sjónrænan orðaforða sinn. Þannig verður lesturinn sjálfvirkur því nemandinn þekkir útlit og hljóð orðs sjálfkrafa og án umhugsunar. Sjálfvirkni í lestri er mikilvæg fyrir lesskilning og þegar hún er til staðar er hægt að nota hugarorkuna og vitsmunagetuna að fullu til að skilja innihald textans. Í lok hvers texta í efninu eru tvær lesskilningsspurningar, oftast staðreyndaspurningar en einnig reyna spurningarnar á ályktunarhæfni og orðskilning. Þessum spurningum er svarað að lestri loknum.

Val á þjálfunarefni

Það er mikilvægt að nemendur á mið- og unglíngastigi séu með í ráðum þegar lesfimiþjálfun af þessu tagi er sett af stað. Ræða þarf stöðu og markmið nemandans og tilgang þjálfunarinnar við hann. Gott er að útskýra fyrir nemendum að bestur árangur náist í þjálfun af þessu tagi þegar nemandi setur sér raunhæf markmið og vinnur markvisst að þeim. Eins er gott að skýra fyrir eldri nemendum ávinnínginn ef bættri lesfimi í öllu námi.

Hafa þarf í huga hvaða forsendur heimili nemandans hefur til að styðja við átakið og finna önnur úrræði ef þörf krefur. Sérstaklega er mælt með því að nemendur, með íslensku sem annað tungumál eða hafa ekki íslenskumælandi aðila á heimili sínu, séu aðstoðaðir á annan hátt og átakið jafnvel unnið í skóla í stað heima.

Við val á texta þarf að hafa í huga að textinn sé ekki of þungur og þarf nemandinn að geta lesið um það bil 90% hans án mikillar fyrirhafnar. Einnig er það kostur ef nemandi getur valið efnisflokk sem höfðar til áhugasviðs hans. Við val á texta geta kennarar haft eftirfarandi töflu til hliðsjónar og hjálpað nemenda að velja texta út frá nýjasta lesfimimati nemandans. Ljóst er þó að eftir því sem nemendur verða eldri vilja þeir hafa meira um það að segja hvað þeir lesa og því þarf að hafa við þá fullt samráð um val á texta.

Flokkur	Lesin orð á mínútu á lesfimimati	Bekkur
30 hættulegustu dýrin	105–165	6. og 7.
Vísindabók Villa	105–165	6. og 7.
Atvinnumaðurinn Gylfi Sigurðsson	120–180	7.–10.
15 svakalegir sjóræningjar	130–180	8.–10.
30 frægustu víkingarnir	130–180	8.–10.

Mat á stöðu nemanda

Eins og áður var lýst er efnið hugsað til þjálfunar fyrir nemendur á mið- og unglíngastigi og er ætlað þeim sem hafa náð tókum á lestri en gæti reynst erfitt fyrir þá nemendur sem eiga í miklum lestrarvanda. Markviss þjálfun og eftirfylgni nýtist öllum nemendum og sérstaklega mikilvægt er fyrir þá sem mælast í kringum viðmið 1 í sínum árgangi að fá aukna þjálfun til að ná meiri sjálfvirkni í lestri.

Mikilvægt er að skoða stöðu nemandans í lesfimi fyrir íhlutunina og skoða alla þætti lesfiminna, þ.e. sjálfvirkni umskráningar, nákvæmni og lestrarlag. Hægt er að nýta niðurstöður lesfimimats Lesferils en þar sem nokkuð langt er á milli þeirra mælinga mætti einnig nota úttalin lestrarpróf eða einn textanna úr efninu til að meta nemendur í upphafi og við lok átaks. Það ætti að gefa upplýsingar um framfarir þó svo þær niðurstöður séu ekki fyllilega sambærilegar við niðurstöður lesfimimats Lesferils. Gott fyrirkomulag gæti líka verið að hefja þjálfunina 4-6 vikum áður en lesfimimat Lesferils verður lagt fyrir og hvetja þannig nemendur til að setja sér markmið út frá niðurstöðum síðustu mælingar.

Framfarir geta verið mjög einstaklingsbundnar og ýmislegt haft áhrif á þær. Því er mikilvægt fyrir foreldra og kennara að finna þá þætti sem nemandi hefur bætt hjá sér, hvort sem það er öruggari umskráning, lestrarnákvæmni eða viðhorf til lestrar og hvetja og hrósa í kjölfarið.

Áður en áttak hefst

Kennari ákveður lengd þjálfunartímabilsins og kynnir textaflokkana fyrir nemandanum sem velur sér flokk til að æfa sig á. Sjálfsagt er að leyfa nemandanum að skipta um efnisflokk ef efnið reynist ekki höfðar til hans en reyna samt að halda sig við viðeigandi þyngdarstig. Kennari fylgir svo þjálfuninni eftir með því að skoða skráningarnar og ganga úr skugga um að þjálfuninni sé framfylgt heima. Mikilvægt er að kennarinn sinni eftirfylgni af kostgæfni og sendi þannig skýr skilaboð um mikilvægi þjálfunarinnar.

Við upphaf þjálfunarinnar hefur kennari samband við foreldra með fundi, símtali eða tölvupósti til að fara yfir framkvæmd hennar. Þau skilaboð sem þurfa að komast til skila eru fyrst og fremst staða nemandans og fyrirkomulag og markmið þjálfunarinnar.

Lestrarþjálfari (foreldri eða annar aðili) fylgir þjálfunarfyrrkomulagi eftir, skráir tíma og kvittar fyrir lestrinum að þessu loknu. Einnig þarf að tryggja að lesskilningsspurningunum sé svarað eins og kennari hefur mælt fyrir um.

Fyrirkomulag þjálfunar

Efnið *Æfingin skapar meistarann* er notað til viðbótar eða í staðinn fyrir hefðbundna heimalestrarþjálfun. Hægt er að fara nokkrar leiðir við notkun á efninu en mikilvægt er að 15 mínútna þjálfun náist daglega:

1. Taka má tvo texta annan hvern dag og hefðbundinn heimalestur á móti hinn daginn.
2. Þjálfna má einn texta daglega og bæta síðan hefðbundnum heimalestri við upp að 15 mínútum.
3. Þjálfna má tvo texta daglega í tvær vikur og sleppa hefðbundnum heimalestri á móti. Þessi leið getur hentað nemendum sem þurfa aukið aðhald og að koma sér upp úthaldi við heimalesturinn en tveggja vikna átakstími er heldur stuttur og því má þjálfna með sama þjálfunarfyrrkomulagi í heimalestrarbók í tvær vikur til viðbótar ef áhugi er fyrir hendi.

Áherslur í þjálfun geta verið nokkrar og mikilvægt að kennarar hafi í huga að þjálfna þarf fleiri þætti lesfímínnar en leshraðann. Nemendur geta þurft að laga hjá sér lestrarlagið en slakt lestrarlag getur haft áhrif á lesskilninginn. Það gildir einnig um lestrarnákvæmnina og svo getur verið gott að grípa til jafningjaþjálfunar ef viðhorf nemandans til lesfimiþjálfunar er neikvætt. Efninu fylgja tillögur að ferns konar áherslum í þjálfun:

1. Þjálfun á leshraða og lestrarnákvæmni: Lestur á tíma.
2. Þjálfun á leshraða og lestrarnákvæmni: Lesin orð á mínútu.
3. Þjálfun lestrarlags.
4. Jafningjaþjálfun í skóla.

Til athugunar

- Æskilegt er að sami aðili sjái um daglega þjálfun sem fer fram heima.
- Best er að lesa við svipaðar aðstæður og á svipuðum tíma hvern dag svo þjálfunin gleymist ekki.
- Hvatning og hrós eru mikilvægir þættir, ekki síður hjá unglingum en yngri nemendum.
- Ef lesið er í skóla skiptir miklu máli að kennari nái að para nemendur saman þannig að enginn sé settur í viðkvæma stöðu vegna lestrargetu sinnar og kennari verður að vera viss um að nemendur valdi því að hlusta á aðra og leiðrétta þá.
- Ef nemandi lýkur við að lesa textann innan einnar mínútu við tímatöku byrjar hann á textanum aftur og les þar til mínútan er liðin.

Þjálfun á leshraða og lestrarnákvæmni: Lestur á tíma

Gögn: Skeiðklukka og blýantur.

1. Tímataka 1 – Allur textinn lesinn og tíminn skráður.
2. Nemandinn fær tækifæri til að spyrja um merkingu orða í texta og þjálfar lestur orða sem ollu erfiðleikum við fyrsta lestur.
3. Tímataka 2 – Allur textinn lesinn og tíminn skráður. Erfið orð þjálfuð aftur ef þörf krefur.
4. Tímataka 3 – Allur textinn lesinn og tíminn skráður.
5. Textinn lesinn með góðu lestrarlagi eða á hæfilegum hraða og með réttum áherslum (sjá matsramma fyrir lestrarlag).
6. Spurningum úr texta svarað munnlega eða skriflega skv. fyrirmælum kennara.
7. Frammistaða nemanda rædd og honum hrósað fyrir það sem vel er gert.

Þjálfun á leshraða og lestrarnákvæmni: Lesin orð á mínútu

Gögn: Skeiðklukka og blýantur.

1. Tímataka 1 – Textinn lesinn í eina mínútu, merki sett við síðasta lesna orðið og fjöldi lesinna orða skráður.
2. Nemandinn fær tækifæri til að spyrja um merkingu orða í texta og þjálfur lestur orða sem ollu erfiðleikum við fyrsta lestur.
3. Tímataka 2 – Textinn lesinn í eina mínútu, merki sett við síðasta lesna orðið og fjöldi lesinna orða skráður. Erfið orð þjálfuð aftur ef þörf krefur.
4. Tímataka 3 – Textinn lesinn í eina mínútu, merki sett við síðasta lesna orðið og fjöldi lesinna orða skráður.
5. Textinn lesinn með góðu lestrarlagi eða á hæfilegum hraða og með réttum áherslum (sjá matsramma fyrir lestrarlag).
6. Spurningum úr texta svarað munnlega eða skriflega skv. fyrir mælum kennara.
7. Frammistaða nemanda rædd og honum hrósað fyrir það sem vel er gert.

Þjálfun lestrarlags

Gögn: Matsrammi fyrir lestrarlag.

Við upphaf þjálfunar á góðu lestrarlagi er gott að meta stöðu nemandans með því að að nota matsramma fyrir lestrarlag. Hann er að finna á heimasíðu Menntamálastofnunar. Meðan á þjálfun stendur er hægt að meta framfarir reglulega með matsrammanum og ljúka þjálfun þegar lestrarlag nemandar er orðið gott.

1. Lestrarþjálfari les allan textann upphátt, skýrt og með réttu hljómfalli og nemandinn hlustar. Merking nýrra orða er skýrð fyrir nemandanum og lesskilningsspurningum svarað.
2. Lestrarþjálfari les eina línu eða málsgrein upphátt, skýrt og með réttu hljómfalli sem nemandinn endurles og reynir að líkja eftir hljómfalli lestrar þjálfarans (bergmálslestur).
3. Ef nemandinn þarfnast frekari stuðnings geta lestrarþjálfarinn og nemandinn kórlesið (lestrarþjálfari og nemandi lesa saman upphátt) hluta úr texta, eða allan textann, á þeim hraða sem nemandinn ræður við.
4. Nemandinn þjálfar textann upp á eigin spýtur. Mikilvægt er að sá sem hlustar bendi nemandanum á ef hann gerir villur, gleymir að hika við kommur og stoppa við punkta eða ef hann er ekki nægilega skýrmæltur. Leggja á áherslu á að nemandinn þurfi að koma merkingarbærum hendingum til skila þannig að sá sem hlustar sé fróðari um efnið á eftir.
5. Þegar textinn er farinn að flæða vel, hljómfall, hendingar og áherslur orðnar góðar má taka lesturinn upp eða lesa fyrir þriðja aðila.
6. Frammistaða nemandar rædd og honum hrósað fyrir það sem vel er gert.

Jafningjafjálfun í skóla

Mælt er með þessari aðferð í 9. og 10. bekk fremur en í yngri bekkjum.

Gögn: Tvö afrit af tveimur textum.

1. Kennari parar tvo og tvo nemendur saman og lætur þá fá tvö afrit af tveimur textum.
2. Annar nemandinn, lesari 1, byrjar að lesa annan textann upphátt en hinn, lesari 2, hlustar og les með í hljóði og bendir á ef hann heyrir villur. Það er hægt að gera með því að segja hljóðlega „lestu aftur“ eða með öðrum hætti sem truflar lesturinn lítið. Að lokinni fyrstu umferð ræða þeir hvort þeir hafi skilið allan textann og geta leitað til kennara ef þörf krefur.
3. Því næst les lesari 1 textann aftur og lesari 2 tekur tímann og skráir og er þetta endurtekið þar til tímatökur eru orðnar þrjár.
4. Lesskilningsspurningunum er svarað annað hvort munnlega eða skriflega skv. fyrirmælum kennara.
5. Að þessu loknu er seinni textinn tekinn fram og lesararnir skipta um hlutverk. Mikilvægt er að kennari pari saman nemendur með svipaða lestrargetu, brýni fyrir lesara 2 að fylgjast vel með að lesari 1 lesi rétt og að nemendur veiti hvor öðrum uppbyggilega endurgjöf.